



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# NÚTÍMABÓKMENNTIR ÍSL3NB05

Kennsluáætlun á vorönn 2020

---

## Kennarar áfangans:

Jón Özur Snorrason  
Þuríður Magnúsína Björnsdóttir

## Áfangalýsing

Í áfanganum kynnst nemendur íslenskri bókmenntasögu frá 1900 til nútímans í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði hérlendis og erlendis. Nemendur læra um helstu höfunda þessa tímabils, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og reyna að átta sig á erindi þeirra við eigin samtíma og nútímann. Nemendur gera grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega með sérstöku tilliti til mismunandi stíls ólíkra höfunda.

**Þekkingarviðmið** - Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru
- ritgerðarsmið og heimildavinnu
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast honum í ræðu og riti
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- helstu bókmenntastefnum sem tengjast viðfangsefninu

**Leikniviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og vandaðan hátt á blæbrigðaríku máli
- ganga frá texta til birtingar
- nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- nýta sköpunargáfu við vinnslu verkefna

**Hæfniviðmið** - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka og bera saman bókmenntaverk og setja þau í sögulegt samhengi
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- velja ritstíl sem hæfir aðstæðum
- tjá rökstudda afstöðu

## Kennslubækur og kennslugögn

Brynja Baldursdóttir og Hallfríður Ingimundardóttir. 2007. *Tíminn er eins og vatnið. Íslensk bókmenntasaga 20. aldar*. Iðnú, Reykjavík.

Ljóð og smásögur í ljósríti og annað kennsluefni frá kennurum.

Dagur Hjartarson. 2016. *Síðasta ástarjátningin*. JPV forlag, Reykjavík.

## Námsmat

Próf og verkefni úr bókmenntasögu	30%
Ýmis verkefni úr ljóðum og smásögum	20%
Kjörbókarritgerð	20%
Lespróf og verkefni úr <i>Síðustu ástarjátningunni</i>	30%

## Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni

- 2. - 4. kennsluvika [ 7. 1. - 24. 1.]. *Íslensk bókmenntasaga 1900-1930*. Úr sveit í borg. Nýrómantík og lífsnautnir? Hver voru skáld þessa tímabils og hvernig ortu þau? Hvað er smásaga? Hver er munurinn á hefðbundinni og óhefðbundinni ljóðagerð? *Hugtök og stefnur*. Nemendur eiga að þekkja helstu hugtök í textagreiningu og geta beitt þeim á sögur og ljóð. *Próf í textagreiningu*. Lesefni: *Angurværð nýrrar aldar 1900-1930*. *Umræður, verkefni og próf*.
- 5. kennsluvika [27. 1. - 31. 1.]. *Ritgerðarsmið* æfð og undirbúin í tengslum við smíði bókmenntaritgerðar sem skila á fullfrágenginni í síðasta lagi 13. mars. Drögum að ritgerð skal skila 10. febrúar.
- 6. - 8. kennsluvika [3. 2. - 21. 2.]. *Íslensk bókmenntasaga 1930-1945*. *Félagslegt raunsæi*. Hvað er raunsæi (félagslegt) í bókmenntum? Lesefni: *Kreppa og stríð 1930-1945* ásamt völdum smásögum og/eða ljóðum frá þessu tímabili. *Skil á ritgerðardrögum*. *Miðannarmat*.
- 9. - 10. kennsluvika [24. 2. - 6. 3.]. *Íslensk bókmenntasaga 1945-1970*. *Móðernismi og formbylting*. Tímabilið eftir heimstyrjöldina síðari: *Kaldastríðsárin*. Atómskáld og atómkveðskapur. Lesefni: *Byltingarárin 1945-1970* ásamt völdum smásögum og/eða ljóðum frá þessu tímabili.
- 11. kennsluvika [9. 3. - 13. 3.]. *Íslenskar bókmenntir eftir 1970*. Lesefni: *Valin ljóð og smásögur*. *Skil á bókmenntaritgerð*.
- 12. - 13. kennsluvika [16. 3. - 27. 3.]. *Íslenskar bókmenntir 1980-2020*. Lesefni: *Valin ljóð og smásögur*.
- 14. - 19. kennsluvika [30. 3. - 6. 5.]. *Síðasta ástarjátningin* eftir Dag Hjartarson. PÁSKAFRÍ innifalið í dagsetningum. Umræður, verkefni og próf. Samantekt áfanga og kveðjur.

# KJÖRBÆKUR

Andri Snær Magnason: *LoveStar*  
Auður Ava Ólafsdóttir: *Afleggjarinn*  
Bjarni Harðarson: *Í skugga drottins*  
Bergsveinn Birgisson: *Lifandi lífslækur*  
Bergþóra Snæbjörnsdóttir: *Svínshöfuð*  
Bragi Ólafsson: *Gæludýrin*  
Dagur Hjartarson: *Við erum ekki morðingjar*  
Einar Kárason: *Stormfuglar*  
Eiríkur Stephensen: *Boðun Guðmundar*  
Fríða Á. Sigurðardóttir: *Meðan nóttin líður*  
Gerður Kristný: *Smartís*  
Guðmundur Brynjólfsson: *Eitraða barnið*  
Guðrún Eva Mínervudóttir: *Aðferðir til að lifa af*  
Gunnar Gunnarsson: *Aðventa*  
Gyrðir Elíasson: *Skuggaskip*  
Halldór Laxness: *Barn náttúrunnar*  
Jón Kalman Stefánsson: *Sagan af Ástu*  
Kristín Eiríksdóttir: *Hvítfeld*  
Kristín Marja Baldursdóttir: *Karítas án titils*  
Kristín Ómarsdóttir: *Svanafólkið*  
Kristín Steinsdóttir: *Ljósa*  
Ólafur Gunnarsson: *Höfuðlausn*  
Ólafur Jóhann Ólafsson: *Innflytjandinn*  
Pedró Gunnlaugur Garcia: *Málleysingjarnir*  
Ragna Sigurðardóttir: *Bónusstelpa*  
Sölvi Björn Sigurðsson: *Selta*  
Sigríður Hagalín: *Eyland*  
Sverrir Norland: *Fyrir allra augum*  
Vilborg Davíðsdóttir: *Auður*  
Þóra Hjörleifsdóttir: *Kvika*

## Að gefnu tilefni

Allir þurfa að skila **kjörbókarritgerð sem stenst lágmarkskröfur** (ekki undir 4,5 í einkunn). Ekki verður tekið við ritgerð eftir að skilafrestur rennur út nema samið hafi verið um slíkt og sérstakar ástæður komi til.

Nemendur sem missa af prófum eða verkefnum vegna veikinda bera sjálfir ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi. Skál bera þá ósk upp þegar mætt er á ný. Sjúkrapróf fara fram í næsta tíma eftir að nemandi mætir heill heilsu í skólann. Nýti nemandi ekki þann kost fær hann einkunnina núll.

Nemendum ber að virða höfundarrétt og ekki skila inn verkefnum sem koma frá öðrum. Verði nemandi uppvís að slíku fær hann verkefni sitt ekki metið til einkunnar. Sama gildir um þann nemanda sem lætur öðrum verkefni í té. Stefnt er að leikhúsferð á önninni.

Notkun síma og sambærilegra tækja er ekki heimil í tímum nema í tengslum við námið. Ítrekuð óleyfileg notkun samsvarar fjarvist.

Gert með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf, 6. janúar 2020.

---

Jón Özur Snorrason og Þuríður Magnúsína Björnsdóttir.